

Gunnar Jónsson Sólnes, lögmaður Akureyri.

Afhending 2014/4

Gunnar Jónsson Sólnes var fæddur á Akureyri 12.3.1940 og lést á Akureyri 15.11.2013. Hann var sonur Jóns G. Sólnes f. 30.9.1910, d. 8.6.1986 og Ingu P. Sólnes f. 12.8.1910, d. 11.9.2003.

Gunnar var kvæntur Margréti Sigríði Kristinsdóttur f. 6.5.1937, gengu þau í hjónaband 6.1.1976. Margrét átti tvær dætur úr fyrra hjónabandi.

Gunnar var stúdent frá MA árið 1960 og cand.juris frá HÍ 10.6.1968 með II einkunn.

Ári síðar varð hann héraðsdómslögmaður og hæstaréttarlögmaður 1977.

Hann starfaði sem ritari hjá fjárveitinganefnd Alþingis 1960 – 1967, sinnti ýmsum lögmannsstörfum, rak eigin lögfræðistofu á Akureyri frá 1970 og Lögmannsstofuna hf. ásamt bróður sínum, Jóni Kr. Sólnes hrl. og Árna Pálssyni hrl. frá 1989.

Frá 2008 til dauðadags starfaði hann sem hæstaréttarlögmaður hjá Pacta-lögmönnum á Akureyri.

Gunnar var ræðismaður Frakklands á Akureyri um langt skeið og var sæmdur heiðursorðu fyrir störf sín í þágu Frakklands.

Hann sat í stjórn Íslendings hf. 1978 – 1982, í stjórn Akurs hf. 1975 – 1983 og í varastjórn Lögmannafélags Íslands 1979 – 1980.

Gunnar var mikill golf íþróttamaður. Hann var formaður Golfklúbbs Akureyrar 1971 – 1974 og aftur 1977 – 1979, hann varð bæði Akureyrrameistari og Íslandsmeistari í golfi mörgum sinnum. Hann var sæmdur gullmerki Íþróttasambands Íslands 1985, var heiðursfélagi GA og var sæmdur gullkrossi Golfsambands Íslands árið 2005.

Gunnar sat einnig í stjórn NASF, verndarsjóðs villtra laxastofna og laxveiðar voru stórt áhugamál hjá honum.

Á 11 árum bærust safninu 14 afhendingar með skjölum Jóns og Ingu Sólnes og afkomendum þeirra. Afhendingarnar eru með númerin: 2008/3, 2008/19, 2008/80, 2009/34, 2009/75, 2010/1, 2011/56, 2012/20, 2014/4, 2014/71, 2015/34, 2016/40, 2016/50 og 2019/74.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri.

20.5.2020

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

## Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2014 / 4

## A-Gunnar J. Sólnes

## A-Gunnar J. Sólnes

## 1945 - 1950

A	1	1	1945 - 1950	Bréf til Jóns G. Sólnes varðandi heilsufar Gunnars (1945); stundsja (stjörnukort) fyrir Gunnar Sólnes gerð af Jóni Árnasyni (1945); Sálmaskrá Lisbeth Jónsdóttir f. 26. ágúst 1902, d. 20. apríl 1928; sætaskipan og matseðli í silfurbrúðkaupi O.C: Thorarensen og A.M. Thorarensen 31. ágúst 1914 (ljósrit).
A	1	2	-	Tvö handrit af leikritum: Eftirlitsmaðurinn eftir Gogol og Enarus Montanus eftir Holberg.